

Þróunarsjóður innflytjendamála
Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Nám fyrir óskólagengna erlenda nemendur.

Nafn styrkþega: Verkmenntaskólinn á Akureyri

Útdráttur: Undanfarin ár hefur fjölbreytileiki innflytjenda í námi í VMA aukist. Í þeim hópi eru nemendur sem hafa brotna eða mjög takmarkaða skólagöngu að baki og eru jafnvel hvorki læsir né skrifandi á eigin móðurmál. Þessir nemendur þrífast illa í almennu skólakerfi og þurfa talsvert meiri stuðning en hinn almenni erlendi nemandi. Líkur á brottfalli þessara nemenda eru því enn meiri en ella. Mat og kennsla ólæsra ungmenna og fullorðinna er skammt á veg komin í Evrópu og því var minna um fyrirmyndir en gert var ráð fyrir. Því fór mjög mikill tími í rannsóknarvinnu og heimildaleit eftir einhverju sem gagnaðist og hæfði þessum nemendum. Leitað var til sérfræðinga í lestrarkennslu sem og í reynslu samstarfsskóla þátttakenda í Svíþjóð og Hollandi. Sú leit beindi okkur á brautir „LASLLIAM“ sem er nýleg viðbót við Evrópska tungumálarammann, miðuð að þörfum fullorðinna innflytjenda með litla eða enga skólagöngu og/eða glíma við ólæsi. Við rýndum í skólahegðun þessara nemenda. Til að mæta ólíkum þörfum nemendanna bjuggum við til sérsniðinn áfanga í skólafærni. Hér er nemandanum mætt þar sem hann er staddur, á hvaða skólastigi sem það kann að vera, og hann aðstoðaður við að ná þeirri færni sem þarf til að stunda almennt nám í skólanum. Áfanginn er blanda af námstækni og námsfærni, íslensku (lestri, skrift og tali) og upplýsingatækni. Þar sem stærsti markhópurinn hjá okkur núna er arabískumælandi var áhersla lögð á að búa til námsefni fyrir arabískumælandi nemendur. Jafnframt voru gerðar kennsluleiðbeiningar fyrir kennara sem kæmi að kennslu þessara nemenda, byggðar á hugmyndafræði „language coaching“. Að lokum var ákveðið að efla endurmenntun kennara í málaflokknum og Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor við Háskólann á Akureyri og sérfræðingur í fjölmenningu og skólastarfi, var fengin til að vinna með kennurum.

Name of the project: Education for uneducated foreign students

Name of grantee: Verkmenntaskólinn á Akureyri

Project description: In recent years, the diversity of immigrants studying at VMA has increased. In that group are students who have had a broken or very limited schooling and who can neither read nor write in their mother tongue. These students do not thrive in the general school system and need considerably more support than the average foreign

student. The probability of these students dropping out is therefore even higher than otherwise. The assessment and teaching of illiterate youth and adults is still underdeveloped in Europe, so there were fewer role models than expected. Therefore, a lot of time was spent doing research work and looking for something that would be useful and suitable for these students. Experts were sought in literacy teaching as well as in the experiences of the participating partner schools in Sweden and the Netherlands. That search led us to the paths of "LASLLIAM", a recent addition to the European Framework of Languages, aimed at the needs of immigrant adults with little or no schooling and/or struggling with illiteracy. We observed the students behavior. To meet their different needs, we created a moodle for general school skills. Here, the students needs are met, at whatever school level it may be, and is helped to achieve the skills needed to pursue further studies. The moodle is a combination of learning methods and skills, Icelandic (reading, writing and speaking) and IT. Since our biggest target group now is Arabic speakers, we focused on creating study materials for Arabic-speaking students. Furthermore, teaching guidelines were written for teachers who will teach these students, based on the concept of "language coaching". In the end, it was decided to strengthen the education of teachers in these matters, and Hermína Gunnthórsdóttir, a professor at the University of Akureyri and an expert in multiculturalism and education, was brought in to work with our teachers.